

Aðalfundur Endurlífgunarráðs Íslands 24. mars 2025

Í stjórn Endurlífgunarráðs Íslands sitja níu aðalfulltrúar. Kosning í stjórn fer fram annað hvert ár á aðalfundi. Framboðsfrestur var að þessu sinni til 10. mars 2025

Eftir að framboðsfrestur rann út var ljóst að allir frambjóðendur uppfylla 3 gr. Starfsreglna EÍ um skipan og tilnefningar í ráðið.

Meðfylgjandi er listi yfir einstaklinga sem bjóða sig fram sem aðalfulltrúa í stjórn á aðalfundi 24.mars 2025, kosningarétt hafa allir aðildafélagar EÍ.

Allir greiddir aðildafélagar eru með kosningarrétt

3. gr.

Skipan og tilnefningar í ráðið

Ný stjórn er kosin á aðalfundi annað hvert ár. Í ráðinu skal sitja fagfólk úr röðum lækna, hjúkrunarfræðinga og bráðataekna sem sinna endurlífgunarmálum í starfi sínu, kenna eða stunda rannsóknir á því sviði. Leitast skal við að í stjórn sitji fagfólk sem hafi sem víðtækasta sérþekkingu á málefnum endurlífgunar. Uppstillinganefnd gerir tillögu að stjórn fyrir aðalfund skv. nánari verklagsreglum sem stjórn setur. Starfsmaður Endurlífgunarráðs skal auk þess sitja fundi ráðsins.

Fyrir hönd fráfarandi stjórnar Endurlífgunarráðs Íslands

Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir
Námskeiðsstjóri ALS/ILS EPALS/EPILS
Starfsmaður Endurlífgunarráðs Íslands
s. 463 0496, gsm 898-7557
netfang: hrafnhildur@sak.is
heimasíða: www.endurlifgun.is



Frambjóðendur í stjórn 2025

Elma Rún Ingvarsdóttir, sérfræðingur í barnahjúkrun – bíður sig fram sem fulltrúa hjúkrunarfræðinga

Meðlimur í fráfarandi stjórn



Ég heiti Elma Rún Ingvarsdóttir og er sérfræðingur í Barnahjúkrun með áherslu á nýbura. Ég útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá HA árið 2000 og tók meistara gráðu í Advanced Nursing Practice frá The University of Nottingham árið 2006 með áherslu á nýburagjörgæslu og flutning á veikum nýburum. Ég er einnig menntaður sjúkraflutningamaður, lauk því námi árið 2013.

Ég hef unnið á Barnadeild SAK síðan árið 2000, sem almennur hjúkrunarfræðingur, deildarstjóri árin 2006-2008 og sem sérfræðingur í barnahjúkrun frá árinu 2014. Ég er aðjúnkt í hlutastarfi við HA, kenni aðallega barnahjúkrun en einnig í öðrum áföngum. Ég hef einnig unnið hlutastarf á Vökudeild LSH og farið í vinnuferðir til Noregs og unnið þar á nýburagjörgæsludeildum. Eitt af verkefnum mínum á þessum árum hefur einnig verið sjúkraflug með veika nýbura og vinn ég einnig hjá Sjúkraflugi ehf þar sem sinni veikum börnum í flugi aðallega frá Grænlandi til Danmerkur.

Ég kenni endurlífgun barna og nýbura, er leiðbeinandi og námskeiðstjóri í sérhæfðri endurlífgun barna (EPALS) og endurlífgun nýbura (NLS). Ég hef einnig kennt grunnendurlífgun á námskeiðum um slys og veikindi barna hjá Rauða krossinum. Ég hef mikinn áhuga á að halda mér upplýstri um nýjungar í þessum málaflökkum og að kenna öðru starfsfólki endurlífgun. Mér finnst mjög mikilvægt að áhersla sé lögð á endurlífgun barna og nýbura og langar að vinna áfram með þau mál. Ég sit nú í stjórn endurlífgunarráðs SAK.

Ég hef setið í stjórn EÍ síðustu 6 ár og vann að meðan annars að innleiðingu námskeiða í sérhæfðri endurlífgun nýbura. Ég gef kost á mér til áframhaldandi starfa.

Bergur Ingi Geirsson, bráðataeknir Bsc – Bíður sig fram sem fulltrúa Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.



Bergur Ingi Geirsson situr í fagdeild sjúkraflutningamanna LSS tímabilið 2024-2026, hann situr á vegum LSS í ritrýnihóp um nýju klínísku leiðbeiningarar sjúkraflutningamanna. Hann starfar sem bráðataeknir hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands og hefur starfað þar síðan árið 2016. Bergur Ingi lauk Bsc gráðu í Paramedic Science frá Glasgow Caledonian University árið 2022.

Bergþór Steinn Jónsson, sérfræðingur í bráðalækningum og bráðalækningum barna – bíður sig fram sem fulltrúa bráðalækna



Ég býð mig fram í stjórn Endurlífgunarráðs Íslands.. Ég er bráðalæknir með undirsérgrein í bráðalækningum barna. Ég flutti aftur til Íslands sumarið 2024 að loknu sérnámi í BNA og starfa á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Ég hef verið leiðbeinandi á ALS og EPALS námskeiðum. Ég hef auk þess lokið grunnnámi í sjúkraflutningum og er starfandi útkallsfélagi og leiðbeinandi í fyrstu hjálp hjá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu. Ég er hluti af þverfaglegum hópi sem vinnur að uppfærslu á vinnuferlum sjúkraflutningamanna. Ég hef reynslu af vísindarannsóknum á

endurlífgunum utan sjúkrahúsa og hef tekið þátt í EuReCa verkefninu á vegum ERC. Þá stofnaði ég á sínum tíma Bjargráð, félag læknanema sem stuðlar að endurlífgunarkennslu í framhaldsskólum.

Ég bý því yfir víðtækri þekkingu og reynslu þegar kemur að hjartastoppum, öðrum bráðum veikindum og áverkum fullorðinna og barna bæði innan og utan sjúkrahúsa. Ég brenn fyrir málefnum sem tengjast EÍ og vil gjarnan leggja mitt af mörkum til þess að efla enn frekar starfsemi ráðsins. Ég sé mörg tækifæri fyrir EÍ m.a. að klára skráningu á staðsetningu AED tækja og innleiða ferli sem notar smáforrit til þess að láta þjálfað skyndihjálparfólk vita af hjartastoppi í nágrenninu svo það geti brugðist við og komið til hjálpar.

Geir Hirlekar, Sérfræðingur i hjartalækningum - bíður sig fram sem fulltrúa hjartalækna



Ég býð mig fram í stjórn Endurlífgunarráðs Íslands.

Ég fékk sérfræðilæknisleyfi í hjartalýflækningum í Svíþjóð 21. desember 2017 og Sérfræðileysi í lyflækningum í apríl 2015. Starfa við hjartaþræðingar á Landspítala síðan 2024. Starfaði áður sem yfirlæknir á Sahlgrenska frá 2017. Var ábyrgur fyrir hjarta og lungnaendurlífgun á Sahlgrenska sjúkrahúsinu frá 2014-2021.

Ég hef komið að kennslu t.d. í iskemískum hjartasjúkdómum, hjartalækningum í lyflækniþræðingum, haldið ýmsa fyrirlestra í kúrsum sem PCI hópur Sahlgrenska sá um svo sem um viðbrögð við hjartastoppi

Hildur Ey Sveinsdóttir -Hjúkrunarfræðingur - bíður sig fram sem fulltrúa hjúkrunarfræðinga



Ég heiti Hildur Ey Sveinsdóttir og er fædd og uppalin á Akureyri. Ég útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá Háskólanum á Akureyri í júní 2006 og hef komið víða við á mínum starfsferli.

Ég vann sem hjúkrunarnemi á SAK en flutti svo til Reykjavíkur eftir útskrift og starfaði í 4 ár á lyfjadeild barna á Barnaspítala Hringsins. Ég hef einnig starfað á nýburagjörgæslu á Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi og á Ríkshospitalet í Osló. Frá 2013 hef ég unnið á gjörgæsludeild LSH á Hringbraut og fengið í gegnum

störf mín þar, tækifæri til að taka þátt í ýmis konar kennslu. Ég hef svo verið með stöðu við

menntadeild LSH frá því í janúar 2023. Ég er með ALS réttindi frá 2017 og hef verið virk í kennslu á ILS og ALS námskeiðum og er núna námskeiðsstjóri fyrir ATLS námskeið. Ég hef mikinn áhuga á hjálparstarfi og á að baki tvær ferðir til Bangladesh 2017 og 2018 sem sendifulltrúi Rauða kross Íslands. Þar vann ég sem barnahjúkrunarfræðingur á neyðarskurðsjúkrahúsi fyrir flóttamenn í einn mánuð í senn.

Ég býð mig fram til Endurlífgunarráðs Íslands því ég hef mikinn áhuga á endurlífgunarmálum, bæði kennslu og fræðslustarfi sem og að efla gæði endurlífgunar, innan spítala og utan..

Jónas Godsk Rögnvaldsson, bráðataeknir og hjúkrunarfræðingur - bíður sig fram sem fulltrúa bráðataekna á Akureyri



Ég Jónas Godsk Rögnvaldsson býð mig fram til stjórnar ÍE. Ég hef kennt fyrir ERC síðan 2018. Útskrifaðist frá HA sem hjúkrunarfræðingur 2017. Útskrifaðist sem bráðataeknir 2023. Hef unnið hjá slökkviliðinu á Akureyri síðan 2014 og kennt fyrir sjúkraflutningaskólann síðan 2019.

Ég brenn fyrir málefnum endurmenntunar á bráðasviðinu og tel mig hafa ýmislegt fram að færa þegar kemur að málefnum endurlífgunarráðsins.

Hildur Vattnes Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur - bíður sig fram sem fulltrúa Rauða kross



Ég hef ákveðið að gefa kost á mér til setu í stjórn Endurlífgunarráðs Íslands. Ég hef síðastliðin tvö og hálf ár starfað hjá Rauða krossinum í starfi sérfræðings í skyndihjálpar og endurlífgun og sem teymisstjóri síðan í október í fyrra. Ég er hjúkrunarfræðingur að mennt og starfaði sem hjúkrunarfræðingur í 11 ár, þar af í þrjú ár á bráðamóttöku LSH. Ég er einnig menntuð í sjúkraflutningum og starfaði sem sjúkraflutningamaður í fimm ár.

Fagreyksla mín og starfsreyksla hjá Rauða krossinum ætti að nýtast mér vel við störf í stjórn Endurlífgunarráðs þar sem í starfi mínu hjá Rauða krossinum er meginmarkmiðið útbreiðsla skyndihjálpar - og endurlífgunarfræðslu til almennings á landsvísu. Einnig ber ég ábyrgð á að farið sé eftir gæðastöðlum í skyndihjálpar - og endurlífgunarþjálfun með samræmingu á fyrirkomulagi námskeiða, með leiðbeinendanámskeiðum og endurmenntun leiðbeinenda og að farið sé eftir uppfærðum leiðbeiningum í skyndihjálpar og endurlífgun og sé aðlagð að íslensku lagaumhverfi og landslagi.

Ég tel mikilvægt að unnið sé markvisst að fræðslu í endurlífgun til að efla og auka öryggi almennings til að bregðast við, hefja endurlífgun og stuðla þar með að björgun mannlífa. Með upplýsingagjöf og markvissari fræðslu til almennings á Íslandi stuðlum við að sterkari og öruggari einstaklingum, vinnustöðum, hópum og samfélögum.

Hrólfur Brynjarsson, Sérfræðingur í nýburalækningum – Bíður sig fram sem fulltrúa barnalækna


Meðlimur í fráfarandi stjórn



Útskrifaðist frá læknaeild HÍ 1996. Sérnámi í barnalækningum og nýburalækningum í Gautaborg 1999-2007. Nýburalæknir í Gautaborg 2007-9. Nýburagjörgæsla Hospital for Sick Children í Toronto 2009-11, nýburalæknir Gautaborg 2011-12. Nýburalæknir á nýburagjörgæslu á Karolinska sjúkrahússind í Stokkhólmi og á Vökudeild Barnaspítala Hringsins 2012-2016, og alfarið á Vökudeild Barnaspítalans frá 2016.

Alla tíð haft mikinn áhuga á kennslu, og sérstaklega endurlífgunarkennslu. Var með í uppbyggingu og þróun verklegrar og fræðilegrar endurlífgunarkennslu á barnaspítalanum í Gautaborg frá 2002. Tók þátt í innflutningi á breska Advanced Paediatric Life Support námskeiði til Svíþjóðar 2005 og kenndi á því í Svíþjóð og Skotlandi 2005-2009. Tekið þátt í endurlífgunarkennslu nýfæddra frá 2012, bæði með óformlegum hætti og sem hluta PROMT (fyrir fæðingarlækna og ljósmæður) og frá 2022 sem kennari í Newborn Life Support námskeiði frá ERC. Kennir læknanemum endurlífgun barna og nýfæddra frá 2023. European Paediatric Advanced Life Support kennari frá 2025.

Karen Sif Vilhjálmsdóttir, hjúkrunarfræðingur – Bíður sig fram sem fulltrúa Hjartaheilla



Ástæða þess að ég býð mig fram er að ég hef alltaf haft ríkan áhuga á endurlífgun og

fræðslu tengdri henni. Í starfi mínu sem hjúkrunarfræðingur á Hjartagátt var ég fyrstu árin mikið í endurlífgunum og kviknaði áhuginn þar að fullu. Ég fór í auknar

fræðslur og þótti ferlið í heild sinni vera mikilvægt og áhugavert.

Þar sem áhuginn minnkaði ekki hóf ég að kenna grunnendurlífgun og hef núna undanfarin ár verið að kenna hjúkrunarfræðinemum, sjúkrahjálfaranemum og

starfsfólki Landspítalans grunnendurlífgun. Ég tel að allir eigi að kunna endurlífgun.

Áður en ég útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur var ég mikið í íþróttum og vann á hinum ýmsu stöðum þ.m.t. í sundlaugum. Nokkrum sinnum á mínum íþróttuferli þurftu einstaklingar í kringum mig að hefja endurlífgun bæði í starfi sínu og á æfingum. Þar sá ég strax mikilvægi þess að læra handtökin við endurlífgun og að þora að taka á skarið. Ég er jákvæð, skipulög

Karitas Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur - bíður sig fram sem fulltrúa hjúkrunarfræðinga

Meðlimur í fráfaramandi stjórn



Ég býð mig fram í stjórn Endurlífgunarráðs Íslands. Ég kláraði BS í hjúkrunarfræði 1998 og hef starfað við barnahjúkrun síðan bæði á almennri barnadeild, vökudeild og er nú starfandi á bráðamóttöku barna þar sem ég hef verið frá 2006. Ég útskrifaðist úr diplómanámi í gjörgæsluhjúkrun 2005 og starfaði í framhaldi af því aðeins á gjörgæsludeildum og sinni bæði börnum og fullorðnum. Ég lauk MA í barnahjúkrun 2015 og lauk starfsnámi til sérfræðingsréttinda 2019 þar sem mín megináhersla var bráð veikindi barna og endurlífgunarmál. Ég hef verið leiðbeinandi á EPILS/EPALS/PBLS námskeiðum á Landspítala frá 2018 og námskeiðsstjóri á

EPILS/PBLS.

Það sem ég hef fram að færa er talsverð klínísk reynsla af endurlífgun barna og ungmenna og mikil reynsla í kennslu til heilbrigðisstarfsfólks og nemenda í bráðum veikindum barna og endurlífgun

Kristján Sigfússon, bráðataeknir – Bíður sig fram sem fulltrúa bráðataekna/sjúkraflutningamanna,

Meðlimur í fráfarandi stjórn



Kristján Sigfússon bráðataeknir og hjúkrunarfræðingur bíður sig fram sem fulltrúa sjúkraflutningamanna í stjórn Endurlífgunarráðs Íslands. Ég hef starfað hjá Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður síðan 1997 og starfa þar í dag sem varðstjóri og bráðataeknir. Eftir að ég kláraði bráðataeknanámið mitt í Bandaríkjunum árið 2002 hef ég starfað mikið við kennslu, bæði sem leiðbeinandi í sérhæfðri endurlífgun og sem leiðbeinandi hjá Sjúkraflutningaskólanum. Þar hef ég komið að mótun námsins, haft umsjón með grunnnámi sjúkraflutningamanna og sé nú um þriðju og stærstu námslotu EMT-Advanced námsins. Þá er ég virkur leiðbeinandi bæði í sérhæfðri endurlífgun fullorðinna (ALS) og Barna (EPALS) og hef þá einnig komið að umsjón

endurlífgunarnámskeiðanna.

Ég hef brennandi áhuga á kennslu og hef áhuga á að taka þátt í frekari þróun málefna sem tengjast endurlífgun og endurlífgunarkennslu. Þess vegna býð ég mig fram til áframhaldandi setu í stjórn E.Í.

Sigurbjörg J. Skarphéðinsdóttir, svæfingalækni – bíður sig fram sem fulltrúa svæfingalækna

Meðlimur í fráfarandi stjórn



Ég heiti Sigurbjörg Skarphéðinsdóttir og er sérfræðingur í svæfinga- og gjörgæslulækningum og starfa á Svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítalans þar sem sérhæfð meðferð eftir endurlífgun fer fram. Ég hef tekið þátt í starfsemi Endurlífgunarráðs Íslands í nokkur ár og býð mig fram til áframhaldandi stjórnarsetu. Það er almenn vitundarvakning í samfélaginu um mikilvægi hjálfunar í grunnendurlífgun en alltaf má gott bæta og því er áfram mikilvægt að vinna að því að efla færni og þor hins almenna borgara til að taka þátt í endurlífgun svo að þeir einstaklingar sem fyrir hjartastoppi verða eigi sem besta möguleika á að ná heilsu.

Það er mjög gefandi, fræðandi og skemmtilegt að sitja í ráði sem sameinar margar stéttir sem allar hafa það að leiðarljósi að vinna að framgangi endurlífgunarþjálfunar með einum eða öðrum hætti og um leið auka öryggi samborgara.